



Reykjavík 26. september 2014

### FÍ fasteignafélag slhf. kaupir Ármúla 1

Skrifað hefur verið undir kaupsamning um kaup félagsins á Ármúla 1 í 108 Reykjavík. Seljandi er Á1 ehf.

Örn V. Kjartansson framkvæmdastjóri FÍ fasteignafélags:

*„Með frágangi á kaupum félagsins á fasteigninni Ármúla 1 þá eykur félagið við magn skrifstofu fermetra í fasteignasafni sínu. Húsið er vel staðsett hornbygging sem hefur verið endurnýjað að innan sem utan og hentar vel fyrir skrifstofu og þjónusturekstur. Múlasvæðið hefur verið að styrkjast verulega sem miðlæg staðsetning fyrir fyrirtæki sem vilja gera viðskiptavinum auðvelt um vik að sækja til þeirra þjónustu. Leigutakar í Ármúla 1 eru Lýsing og Pixel prentþjónusta. „*

Meðfylgjandi er mynd af fasteigninni Ármúla 1.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri FÍ, Örn V. Kjartansson s. 8259000, [orn@fifasteignir.is](mailto:orn@fifasteignir.is)

#### Um FÍ fasteignafélag slhf.

FÍ fasteignafélag slhf er rekið af félagi í meirihlutaeygu MP banka. Félagið sérhæfir sig í rekstri fasteignasafna. Félagið nýtir sérþekkingu og tengsl á fasteignamarkaði til að afla fjárfestingartækifæra á atvinnuhúsnæðismarkaðnum. Félagið sér um þjónustu við leigutaka og stýrir rekstri og viðhaldi fasteigna.